HV 2020-54
ISSN 2298-9137

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2020: Framkvæmd og helstu niðurstöður / Icelandic autumn groundfish survey 2020: Implementation and main results

Klara Björg Jakobsdóttir, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson,
Kristján Kristinsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Valur Bogason

HAFNARFJÖRÐUR - DESEMBER 2020

Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2020: Framkvæmd og helstu niðurstöður / Icelandic autumn groundfish survey 2020: Implementation and main results

Klara Björg Jakobsdóttir, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Valur Bogason

Haf- og vatnarannsóknir
Marine and Freshwater Research in Iceland

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Upplýsingablað

Titill: Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2020. Framkvæmd og helstu niðurstöður / Icelandic autumn groundfish survey 2020: Implementation and main results		
Höfundar: Klara Björg Jakobsdóttir, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Valur Bogason		
Skýrsla nr: HV 2020-54	**Verkefnisstjóri:** Klara Björg Jakobsdóttir	**Verknúmer:** 9120
ISSN nr. 2298 9137	**Fjöldi síðna:** 61	**Útgáfudagur:** 21. desember 2020
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	**Dreifing:** Opin	**Yfirfarið af:** Ingibjörgu G. Jónsdóttur

Ágrip

Klara Björg Jakobsdóttir, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Valur Bogason, 2020. Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2020. Framkvæmd og helstu niðurstöður. HV-2020-54.

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum Stofnmælingar botnfiska að haustlagi sem fram fór dagana 9. október til 2. nóvember 2020. Niðurstöður eru bornar saman við fyrri ár, en verkefnið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti frá 1996.

Stofnvísitala þorsks hefur lækkað töluvert frá árinu 2017 þegar hún mældist sú hæsta frá upphafi haustmælingarinnar og er nú svipuð því sem hún var árin 2008-2009. Lækkunina í haustmælingunni í ár má rekja til þess að fjöldavísitala 40-80 cm fisks var undir meðaltali rannsóknartímabilsins. Stofnvísitala ýsu hefur haldist svipuð frá árinu 2017. Vísitala ufsa hefur farið lækkandi frá árinu 2018 og vísitölur gullkarfa og löngu lækkuðu enn frekar miðað við nokkur fyrri ár. Vísitölur djúpkarfa, grálúðu, blálöngu og gulllax breyttust lítið eða lækkuðu miðað við nokkur fyrri ár og eru undir meðaltali tímabilsins. Stofnar hlýra, tindaskötu, sandkola, þykkvalúru og skrápflúru eru í sögulegu lágmarki.

Árgangur þorsks frá 2019 mældist vel yfir meðalstærð og fyrsta mæling á yngsta árgangi þorksins (u.þ.b. 10 cm fiskar) er sú hæsta frá upphafi mælinga 1996. Árgangur ýsu frá 2019 mældist yfir meðalstærð og fyrstu vísbendingar um árganginn frá 2020 gefa til kynna að hann sé einn af þeim stærstu síðan mælingar hófust 1996. Nýliðun gullkarfa, djúpkarfa og blálöngu hefur verið léleg undanfarin ár. Vísitala nýliðunar hjá grálúðu sem hefur lækkað hratt frá hámarkinu árin 2009-2013 sýndi jákvæða þróun í ár.

Meðalþyngd flestra árganga þorsks fyrir utan 1 og 3 ára mældust um eða yfir meðaltali áranna 1996-2020. Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur hækkað umtalsvert síðan árið 2010 og hefur undanfarin ár verið um eða yfir meðaltali hjá flestum aldursflokkum. Fæða þorsks að hausti er fjölbreytt og mismunandi milli stærðarflokka. Hlutdeild loðnu og rækju, sem er mikilvæg fæða hjá þorski minni en 85 cm, hefur minnkað mikið á síðari árum. Magn loðnu mældist þó meira en undanfarin ár. Uppistaða fæðu þorsks stærri en 85 cm er fiskbráð eins og síld og kolmunni. Hjá ýsu er algengasta fæðan á þessum árstíma ýmis botndýr eins og slöngustjörnur, samlokur, ígulker og burstaormar.

Magn flestra brjóskfiska jókst eða hélst í stað frá fyrra ári. Stofn geirnytar hefur ekki mælst jafn stór frá upphafi mælinga 1996. Vísitölur margra djúpfiskategunda sem er að mestu að finna í hlýja sjónum suðvestur og vestur af landinu stóðu í stað eða hækkuðu miðað við nokkur fyrri ár. Undantekning á þessu eru stofnar slétthala og ingólfshala sem hafa ekki mælst jafn litlir síðan 1996. Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali hátt líkt og undanfarin ár.

Abstract

Klara Björg Jakobsdóttir, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Kristján Kristinsson, Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Valur Bogason, 2020. Icelandic autumn groundfish survey 2020 – implementation and main results. HV-2020-54.

This report describes the implementation and main results of the Icelandic autumn groundfish survey, carried out between 9 October and 2 November 2020. This standardized survey has been conducted annually since 1996 and the present results are compared with those of previous years.

*The biomass index of cod (*Gadus morhua*) has decreased considerably from the maximum in 2017 and is similar to what it was in 2008-2009. This is due to low catches of cod in size classes 40-80 cm. Biomass indices of haddock (*Melanogrammus aeglefinus*) has been similar since 2017. Biomass indices for saithe (*Pollachius virens*) has been decreasing since 2018 and indices of redfish (*Sebastes norvegicus), *and ling (Molva molva) show continuous decrease from previous years. Biomass indices of beaked redfish (*Sebastes mentella*), Greenland halibut (*Reinhardtius hippoglossoides*), blue ling (*Molva dypterygia*) and greater silver smelt (*Argentina silus*) are now below long-term average. Indices of spotted wolffish (*Anarhichas minor*), starry ray (*Amblyraja radiata*), dab (*Limanda limanda*), lemon sole (*Microstomus kitt*) and long-rough dab (*Hippoglossoides platessoides*) are at a historic low.*

The abundance of the 2019-year class of cod is estimated to be above average of the study period and the index for the 2020-year class is the highest since survey commenced in 1996. The survey index for haddock the 2019-year class is high and the estimate for the 2020-year class is the highest since 1996. Recruitment of golden redfish, beaked redfish and blue ling has been poor in recent years. The juvenile index of Greenland halibut shows increase after decrease in the previous years.

The mean weight of cod was around or above the average of 1996-2020 except for 1- and 3-year-old cod. The mean weight by age of haddock has increased substantially since 2010 and

*has in recent years been above average for haddock in most age classes. In the autumn, the food of cod is diverse and varies between size classes. The quantity of capelin (*Mallotus villosus*) and northern shrimp (*Pandalus borealis*), which are important prey for cod smaller than 85 cm, has decreased in recent years. However, the quantity of capelin as food has increased compared to previous years. The main food of cod larger than 85 cm are fish prey such as herring (*Clupea harengus*) and blue whiting (*Micromesistius poutassou*). Among haddock, various benthic animals, such as ophiuroids, bivalves, sea urchins and polychaetes, are the most common prey at this time of the year.*

*The abundance of many elasmobranch species increased or was similar to the year before. The abundance index of rabbit-fish (*Chimaera monstrosa*) is estimated at record high since 1996. Abundance indices of many other deep-water species that are mostly distributed in the warmer waters southwest and west of Iceland increased or remained a* status quo *from the year before. Near-bottom temperatures have been stable but above average in recent years.*

Lykilorð: *Stofnmæling, stofnvísitölur, haustrall, Íslandsmið, botndýrarannsóknir, botnvarpa, þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi, djúpkarfi, grálúða, flatfiskar, djúpfiskar, hitastig sjávar*

Undirskrift verkefnisstjóra:	**Undirskrift forstöðumanns sviðs:**
	

Efnisyfirlit

Bls.

Markmið og framkvæmd 1
Niðurstöður 2
Þorskur 2
Ýsa 8
Ufsi 13
Grálúða 14
Gullkarfi 15
Djúpkarfi 16
Blálanga 18
Gulllax 19
Flatfiskar 20
Aðrar algengar tegundir 21
Djúpfiskar 23
Vísitölur brjóskfiska 23
Vísitölur annarra djúpsjávartegunda 26
Tegundalisti fiska 29
Botnhiti 29
Botndýr í haustralli 31
Lokaorð og þakkir 33
Heimildir 33
Viðauki 34

Töfluskrá

Tafla 1. Aldursskiptar fjöldavísitölur þorsks í haustralli 1996-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 4
Tafla 2. Aldursskiptar fjöldavísitölur ýsu í haustralli 1996-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 10
Tafla 3. Fjöldi stöðva á djúpslóð í haustrall og hlutfall (%) stöðva þar sem viðkomandi brjóskfiskategund fékkst. 25
Tafla 4. Fjöldi stöðva á djúpslóð í haustrall og hlutfall (%) stöðva þar sem viðkomandi djúpfiskategund fékkst. 28

Myndaskrá

1. mynd. Togstöðvar með botnvörpu í Stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2020. Rannsóknarsvæðinu er skipt í grunn- og djúpslóð og sá Múlaberg SI um sýnatöku á grunnslóð (rauð strik) og Árni Friðriksson HF um sýnatöku á djúpslóð (blá strik). Ljósgráar línur sýna 200, 500 og 1000 m dýptarlínur og svartar línur mörk 200 mílna efnahagslögsögu Íslands. 1
2. mynd. A. Stofnvísitölur þorsks í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing þorsks í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína), árið 2018 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla þorsks í haustralli árin 1996, 2015, 2019 og 2020. 3
3. mynd. Meðalþyngd 1-10 ára þorsks í haustralli 1996-2020 sýnd sem frávik frá meðaltali. Brotnar láréttar línur sýna meðalþyngd hvers aldurshóps. Árgangar halda sama lit; t.d. eru árgangar 1996, 2004 og 2011 sýndir með svörtum lit. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 5
4. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka þorsks í haustralli 1996-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 6
5. mynd. Magn og útbreiðsla loðnu í mögum þorsks í haustralli 1996-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd þorsks. 7
6. mynd. A. Stofnvísitölur ýsu í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ýsu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ýsu í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020. 9
7. mynd. Meðalþyngd 1-8 ára ýsu í haustralli 1996-2020. Brotnar láréttar línur sýna meðalþyngd hvers aldurshóps. Árgangar halda sama lit; t.d. eru árgangar 1998, 2006 og 2014 sýndir með svörtum lit. Ekki var farinn í leiðangur árið 2011. 11
8. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka ýsu í haustralli 1997-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 12
9. mynd. A. Stofnvísitölur ufsa í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ufsa í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2016 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ufsa í haustralli árin 2000, 2004, 2019 og 2020. 13
10. mynd. Vísitölur veiðistofns grálúðu (A) og ungfisks (B) í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing grálúðu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla grálúðu í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020. 14
11. mynd. A. Stofnvísitölur gullkarfa í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing gullkarfa í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 1996 (blá lína) og 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla gullkarfa í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020. 16
12. mynd. Stofnvísitala djúpkarfa (A) og vísitala ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing djúpkarfa í

haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 2000 (blá lína) og 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla djúpkarfa í haustralli árin 2000, 2007, 2019 og 2020. 17
13. mynd. Vísitölur veiðistofns blálöngu (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing blálöngu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla blálöngu í haustralli árin 2000, 2009, 2019 og 2020. 18
14. mynd. Vísitölur veiðistofns gulllax (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing gulllax í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla gulllax í haustralli árin 2000, 2007, 2019 og 2020. 19
15. mynd. Stofnvísitölur sex flatfisktegunda í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 21
16. mynd. Stofnvísitölur ýmissa tegunda í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 22
17. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa brjóskfiskategunda í haustralli 2000-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 24
18. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa tegunda í haustralli 2000-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. 27
19. mynd. Meðalhiti sjávar við botn á mismunandi svæðum og dýpi í haustralli. 30
20. mynd. Þyngd botndýra í togi í haustralli 2020. 31
21. mynd. Samanlagður fjöldi botndýra í togi í haustralli 2020. 32
22. mynd. Myndir af botndýrum sem komu upp í ár en hafa ekki komið upp við skráningu botndýra í fyrri stofnmælingum að hausti. 32

Markmið og framkvæmd

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (haustrall) fór fram í 24. sinn dagana 9. október til 2. nóvember s.l. Rannsóknasvæðið var umhverfis Ísland allt niður á 1350 m dýpi (1. mynd). Alls var togað með botnvörpu á 373 stöðvum. Helsta markmið haustrallsins er að styrkja mat á stofnstærð botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum eins og þorsks, ýsu og gullkarfa auk djúpfiska eins og grálúðu, djúpkarfa, blálöngu og gulllax. Auk þess er markmiðið að safna upplýsingum um útbreiðslu, líffræði og fæðu botnfiska.

Í ár fór einnig fram sýnasöfnun og skráning botndýra sem fást sem meðafli á djúpslóð í haustralli. Er þetta framhald sýnasöfnunar sem fór fram árin 2015-2018. Markmið verkefnisins er vöktun umhverfisáhrifa á botndýr, útbreiðslu þeirra og tegundafjölbreytileika.

Samhliða haustmælingunni í ár voru 398 grálúður merktar með tveimur slöngumerkjum á djúpslóð og erfðasýni tekin úr 400 grálúðum. Þessar rannsóknir eru hluti af stærra verkefni þar sem markmiðið er að meta stofngerðir grálúðu í Norður-Atlantshafi.

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson HF og togarinn Múlaberg SI voru notuð til rannsóknarinnar. Nákvæm lýsing á framkvæmd stofnmælingarinnar er gefin í handbók verkefnisins (Klara Jakobsdóttir o.fl. 2020).



1. mynd. Togstöðvar með botnvörpu í Stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2020. Rannsóknarsvæðinu er skipt í grunn- og djúpslóð og sá Múlaberg SI um sýnatöku á grunnslóð (rauð strik) og Árni Friðriksson HF um sýnatöku á djúpslóð (blá strik). Ljósgráar línur sýna 200, 500 og 1000 m dýptarlínur og svartar línur mörk 200 mílna efnahagslögsögu Íslands.

Figure 1. Sampling stations (tows) in the Icelandic autumn groundfish survey in 2020. The research area is divided in shallow shelf area (tows annotated by red lines) and shelf break/slope area (tows annotated by blue lines).

Árið 2000 var bætt við stöðvum á djúpslóð til að ná betur yfir útbreiðslu djúpkarfa. Þessar stöðvar voru að mestu í hlýja sjónum suðaustur, suður og suðvestur af landinu. Vísitölur fyrir þær tegundir sem eru að stórum hluta á þessu svæði eru því aðeins sýndar frá árinu 2000. Um er að ræða djúpkarfa, blálöngu og gulllax auk ýmissa djúpfiska eins og geirnytar og stinglax.

Á myndum í þessari skýrslu er þróun stofnvísitalna sýnd ásamt 95% öryggismörkum (skyggð svæði eða lóðréttar línur). Mæliskekkjan metur fyrst og fremst þá óvissu sem rekja má til takmarkaðs fjölda stöðva. Mæliskekkjan nær hins vegar ekki utan um óvissu sem orsakast t.d. vegna breytilegs hlutfalls fisks sem er upp í sjó eða utan rannsóknasvæðisins.

Niðurstöður

Þorskur

Stofnvísitala þorsks hefur lækkað töluvert undanfarin ár og er hún svipuð því sem hún var árin 2008-2009 (2. mynd). Stofnvísitalan hækkaði nær samfellt árin 2007-2017 sem má rekja til aukins magns af stórum þorski. Í marsralli er þróun stofnvísitölunnar mjög svipuð og kom fram sambærileg lækkun frá 2018 til 2020. Lækkunina í haustmælingunni í ár má rekja til þess að fjöldavísitala 40-80 cm fisks var undir meðaltali rannsóknartímabilsins. Hluti af þessari breytingu skýrist af því að árgangar frá 2013 (7 ára og um 80 cm) og 2016 (4 ára og um 58 cm) eru litlir (2. mynd og 1. tafla). Vísitala 40-55 cm þorsks sem var yfir meðaltali í fyrra skilaði sér ekki í stofnmælingunni í ár. Vísitala 85 cm og stærri var nálægt langtímameðaltali og svipuð því sem fékkst síðasta ár (2. mynd).

Vísitala ársgamals þorsks (árgangur 2019) í marsralli 2020 benti til að árgangurinn væri vel yfir langtíma meðaltali og er það staðfest í haustralli (1. tafla og 2. mynd). Vísitölur 2-5 ára þorsks, árganganna frá 2015-2018, eru um eða undir meðaltali haustralls. Fyrsta mæling á yngsta árgangi þorsksins (u.þ.b. 10 cm fiskar) er sú hæsta frá upphafi mælinga 1996.

Líkt og undanfarin ár fékkst mest af þorski djúpt norðvestur, norður og austur af landinu (2. mynd).

Meðalþyngd 1 og 3 ára þorsks mældist undir meðaltali áranna 1996-2020 en meðalþyngd annarra aldurshópa var um eða yfir meðaltali (3. mynd). Árgangar sem mælast undir meðalþyngd 2-4 ára hafa verið um eða yfir meðalþyngd 6 ára og eldri (t.d. árgangurinn frá 2011).

Fæða þorsks að hausti er fjölbreytt og mismunandi milli stærðarflokka. Á árunum 1996-2002 var loðna mikilvægasta fæðutegundin hjá 26-85 cm þorski en hlutdeild hennar hefur minnkað mikið á síðari árum (4. mynd). Í ár var hlutdeild loðnu í fæðu 26-85 cm þorsks þó hærri en árin 2012-2019. Hlutdeild rækju í fæðu var lítil en hún hefur verið mikilvæg fæða sérstaklega hjá

26-85 cm þorski. Hjá 56-85 cm þorski hefur ísrækja oft verið algeng fæða en lítið var af henni í þorskmögum í ár. Uppistaða fæðu þorsks stærri en 85 cm er fiskbráð eins og síld og kolmunni (4. mynd). Af annarri fæðu þorsks má helst nefna ljósátu, kambhveljur, síli og ýsu. Þorskur er yfirleitt innan við 1% af fæðu 26-85 cm þorsks í október en er aftur á móti að meðaltali 4,6% af fæðu 86-115 cm þorsks (var yfir meðaltali í ár eða 9,2 %). Í ár fannst loðna einkum í mögum þorsks djúpt norðvestur og norður af landinu (5. mynd)



2. mynd. A. Stofnvísitölur þorsks í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing þorsks í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína), árið 2018 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla þorsks í haustralli árin 1996, 2015, 2019 og 2020.

*Figure 2. A. Biomass indices of cod (*Gadus morhua*) in the Icelandic autumn groundfish survey (red line) 1996-2020 and in the Icelandic Groundfish Survey in spring (black line) 1985-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of cod in IS-SMH 2020 (black line), 2019 (red line), 2018 (blue line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of cod in IS-SMH 1996, 2015, 2019 and 2020.*

Tafla 1. Aldursskiptar fjöldavísitölur þorsks í haustralli 1996-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Table 1. Age-disaggregated abundance indices of cod in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020. No survey was conducted in 2011.

	Aldur													
Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
1996	0.31	6.24	3.25	18.95	13.61	5.40	7.37	6.34	1.63	0.30	0.08	0.02	0.05	0.01
1997	2.02	0.63	16.62	6.63	29.08	16.22	5.35	3.70	2.11	0.30	0.11	0.01	0.03	0.04
1998	6.56	5.71	2.58	15.24	7.03	15.70	15.98	5.23	2.23	1.27	0.20	0.05	0.02	0.01
1999	11.66	7.98	13.71	5.48	22.79	7.26	9.84	3.96	0.59	0.34	0.37	0.03	0.00	0.06
2000	3.69	4.52	12.71	15.13	3.63	11.40	3.59	2.64	1.11	0.34	0.28	0.11	0.00	0.01
2001	0.30	6.89	11.22	18.71	20.47	3.19	6.82	1.62	0.79	0.17	0.03	0.10	0.02	0.00
2002	0.99	0.88	13.03	15.38	22.77	16.00	5.44	4.81	1.12	0.62	0.08	0.17	0.02	0.04
2003	1.85	5.15	2.70	25.93	17.01	13.25	9.02	1.87	2.54	0.36	0.10	0.09	0.00	0.02
2004	0.37	3.57	15.86	6.87	30.04	19.20	11.99	7.56	1.92	1.68	0.23	0.11	0.07	0.00
2005	0.56	2.13	8.83	19.88	6.74	25.94	11.21	3.99	1.96	0.29	0.32	0.03	0.06	0.00
2006	0.32	4.40	4.41	15.88	22.79	7.71	14.34	6.26	2.12	1.05	0.16	0.09	0.00	0.01
2007	0.30	3.67	9.59	4.90	12.08	16.18	6.45	6.07	3.20	0.77	0.51	0.04	0.06	0.00
2008	2.36	5.17	11.73	14.98	7.55	17.94	19.04	5.78	5.66	1.50	0.79	0.22	0.10	0.02
2009	0.90	6.93	8.20	13.00	18.14	12.64	16.99	10.57	3.21	2.81	0.85	0.29	0.14	0.02
2010	0.57	10.32	19.09	16.38	15.55	18.10	9.98	11.39	6.86	2.30	1.21	0.51	0.08	0.11
2011														
2012	1.07	7.14	9.39	23.41	20.86	12.88	10.93	9.62	5.35	3.34	1.54	0.59	0.18	0.10
2013	0.32	6.02	18.88	13.06	26.53	21.75	12.64	7.81	6.03	2.95	1.88	1.00	0.40	0.22
2014	3.60	3.52	15.85	23.55	13.81	23.70	19.83	8.50	5.87	3.99	2.48	1.61	0.84	0.38
2015	5.99	16.72	8.76	26.14	36.04	17.30	27.67	16.41	5.60	3.32	1.18	0.53	0.53	0.21
2016	0.92	11.48	18.13	7.81	17.68	22.45	10.62	11.93	6.77	2.73	1.61	0.86	0.46	0.19
2017	4.66	5.74	25.29	32.47	16.59	32.05	32.23	11.85	10.17	4.46	1.57	1.11	0.50	0.33
2018	1.08	9.10	10.21	21.69	20.09	7.99	13.00	12.74	7.11	5.17	2.49	0.93	0.42	0.15
2019	2.47	7.59	18.75	18.46	27.73	18.21	8.98	8.81	5.37	2.46	1.57	0.79	0.28	0.17
2020	16.52	14.38	9.34	15.36	8.59	12.95	11.10	3.71	3.83	2.41	1.50	0.96	0.35	0.18



3. mynd. Meðalþyngd 1-10 ára þorsks í haustralli 1996-2020 sýnd sem frávik frá meðaltali. Brotnar láréttar línur sýna meðalþyngd hvers aldurshóps. Árgangar halda sama lit; t.d. eru árgangar 1996, 2004 og 2011 sýndir með svörtum lit. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 3. Mean weight of 1-10 year old cod in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020. Broken horizontal lines denote mean weights for each age group. Year classes have consistent colors e.g., black for year classes 1996, 2004 and 2011. No survey was conducted in 2011.



4. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka þorsks í haustralli 1996-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 4. Diet of three length groups of cod in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020, shown as proportion (%) of weight of the cod. Food groups from bottom to top: Cod, capelin, blue whiting, herring, sandeel, unidentified fish, northern shrimp, northern ambereye, ctenophores, euphausiids, other prey. No survey was conducted in 2011.



5. mynd. Magn og útbreiðsla loðnu í mögum þorsks í haustralli 1996-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd þorsks.

Figure 5. Abundance and spatial distribution of capelin in stomachs of cod in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020, shown as proportion (%) of weight of the cod.

Ýsa

Stofnvísitala ýsu hefur haldist svipuð árin 2010-2020 (6. mynd). Vísitalan hækkaði verulega á árunum 2001-2005 (6. mynd) í kjölfar góðrar nýliðunar (2. tafla) og á sama tíma jókst útbreiðsla ýsunnar norður fyrir land. Næstu fjögur árin þar á eftir fór vísitalan lækkandi.

Lengdardreifing sýnir að 20-30 cm ýsa (1 árs) er yfir meðaltali í fjölda en 30-45 cm ýsa (2 ára) er langt undir langtímameðaltali. Ýsa stærri en 45 cm (4 ára og eldri) er nálægt meðaltali í fjölda (6. mynd). Árgangar 2014-2017 eru mun stærri en árgangarnir á undan og er 2014 árgangurinn þeirra stærstur (2. tafla). Stofnvísitalan er þó mun lægri en hún var á árunum 2002-2008 þegar nokkrir stórir árgangar voru í stofninum. Fyrsta mæling á yngsta árgangi ýsu (10-20 cm) gefur til kynna að hann sé álíka stór og 2019 árgangurinn og því einn af þremur stærstu sem mælst hafa í haustmælingunni (2. tafla og 5. mynd). Niðurstöður haustrallsins staðfesta fyrra mat að 2018 árgangurinn sé lélegur.

Ýsa veiddist á landgrunninu allt í kringum landið en eins og undanfarin ár fékkst mest af henni fyrir vestan- og norðanvert landið (6. mynd).

Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur hækkað umtalsvert síðan 2010 og hefur undanfarin ár verið um eða yfir meðaltali hjá öllum aldursflokkum (7. mynd).

Magn fæðu í ýsu af öllum stærðarflokkum hefur verið heldur minnkandi frá því mælingar hófust árið 1996, þó nokkur breytileiki sé frá ári til árs (8. mynd). Á þessum árstíma eru ýmis botndýr eins og slöngustjörnur, samlokur, ígulker og burstaormar algengasta fæða ýsu (8. mynd). Meðalfjöldi sílis í smáýsu gefur vísbendingu um nýliðun sílis. Lítið hefur verið af síli í fæðu 21-40 cm ýsu frá árinu 2004.



6. mynd. A. Stofnvísitölur ýsu í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ýsu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ýsu í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020.

*Figure 6. A. Biomass indices of haddock (*Melanogrammus aeglefinus*) in the Icelandic autumn groundfish survey (red line) 1996-2020 and in the Icelandic Groundfish Survey in spring (black line) 1985-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of haddock in IS-SMH 2020 (black line), 2019 (red line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of haddock in IS-SMH 1996, 2005, 2019 and 2020.*

Tafla 2. Aldursskiptar fjöldavísitölur ýsu í haustralli 1996-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Table 2. Age-disaggregated abundance indices of haddock in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020. No survey was conducted in 2011.

	Aldur										
Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1996	15.35	429.04	104.79	82.39	17.68	7.56	17.46	1.51	0.08	0.00	0.00
1997	52.53	31.54	207.60	54.60	37.14	7.50	5.82	5.81	0.22	0.00	0.00
1998	198.75	80.38	31.69	130.00	19.31	15.27	5.12	5.21	1.81	0.00	0.00
1999	177.34	373.69	65.30	27.94	94.45	11.51	10.06	0.53	2.09	0.31	0.00
2000	58.70	159.26	253.43	44.93	8.09	28.04	1.91	3.40	0.07	0.27	0.32
2001	44.47	378.40	272.16	168.39	34.51	3.87	13.62	0.81	0.88	0.00	0.14
2002	147.35	76.85	233.64	186.61	93.02	18.26	2.81	2.28	0.84	0.04	0.00
2003	312.63	332.50	140.13	242.13	161.48	53.84	8.87	2.45	0.59	0.00	0.01
2004	184.87	691.06	332.24	49.15	155.37	67.98	16.21	3.92	0.83	0.48	0.00
2005	89.95	71.94	543.79	176.68	26.25	93.31	25.44	9.51	1.97	0.00	0.13
2006	89.41	117.32	114.49	496.87	105.12	13.34	39.28	9.41	3.88	1.49	0.00
2007	229.53	96.07	74.41	87.69	324.26	56.42	7.89	11.99	3.65	0.53	0.20
2008	94.73	198.09	91.64	66.43	85.22	193.01	16.25	2.78	3.15	0.32	0.07
2009	50.30	46.72	265.94	66.82	30.26	47.36	94.17	9.27	1.45	2.08	0.09
2010	35.68	41.61	55.69	140.55	29.84	14.04	23.14	36.19	4.61	0.94	0.93
2011											
2012	26.15	52.54	28.82	33.56	37.01	69.15	9.09	3.53	9.83	10.34	0.97
2013	26.28	89.55	126.30	36.31	37.64	38.68	44.25	6.18	2.26	5.73	4.63
2014	248.33	33.49	40.43	65.25	23.35	26.30	23.96	26.78	2.42	1.54	3.65
2015	130.90	203.71	35.21	38.36	47.73	15.10	18.08	10.69	12.61	2.66	1.48
2016	81.62	78.88	125.26	23.11	18.17	19.49	7.21	8.56	4.38	3.15	0.71
2017	188.15	117.29	91.65	150.08	14.02	17.57	13.99	4.18	4.15	2.51	1.16
2018	49.49	116.71	71.61	68.67	125.33	6.69	6.68	6.41	3.48	2.91	1.27
2019	297.26	29.16	137.51	48.95	38.09	55.00	2.70	2.64	1.19	0.60	0.97
2020	287.02	293.63	22.07	104.98	36.75	18.69	25.16	1.96	0.78	0.84	0.23



7. mynd. Meðalþyngd 1-8 ára ýsu í haustralli 1996-2020. Brotnar láréttar línur sýna meðalþyngd hvers aldurshóps. Árgangar halda sama lit; t.d. eru árgangar 1998, 2006 og 2014 sýndir með svörtum lit. Ekki var farinn í leiðangur árið 2011.

Figure 7. Mean weight of 1-8 year old haddock in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020. Broken horizontal lines denote mean weights for each age group. Year classes have consistent colors, e.g., black for year classes 1989, 1997, 2005 and 2013. No survey was conducted in 2011.



8. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka ýsu í haustralli 1997-2020, sýnt sem hlutfall (%) af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 8. Diet of three length groups of haddock in the Icelandic Groundfish Survey 1997-2020, shown as proportion (%) of weight of the haddock. Food groups from bottom to top: Sandeel, brittle stars, sea urchin, holothuroids, polychaetes, bivalves, gammarids, euphausiids, other prey. No survey was conducted in 2011.

Ufsi

Stofnvísitala ufsa í haustralli hefur lækkað frá 2018 líkt og í marsralli og er nú undir meðaltali rannsóknatímans (9. mynd). Hækkun vísitölunnar 2014-2018 má rekja til stórra árganga frá 2012-2014 (nú 6-8 ára gamall fiskur). Vísitölur ufsa eru oft háar vegna mikils afla í fáum togum og öryggismörk mælinganna eru þá há eins og var árin 2004 og 2018. Í ár voru 45-55 cm og 60-70 cm ufsi áberandi í lengdardreifingum en aðrir lengdarflokkar voru undir meðaltali (9. mynd).



9. mynd. A. Stofnvísitölur ufsa í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ufsa í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2016 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ufsa í haustralli árin 2000, 2004, 2019 og 2020.

Figure 9. A. Biomass indices of saithe (Pollachius virens) in the Icelandic autumn groundfish survey (red line) 1996-2020 and in the Icelandic Groundfish Survey in spring (black line) 1985-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of saithe in IS-SMH 2020 (black line), 2019 (red line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of saithe in IS-SMH 2000, 2004, 2019 and 2020.

Grálúða

Vísitala veiðistofns grálúðu (55 cm og stærri) hækkaði frá fyrra ári eftir lækkun frá 2017 (10. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 55 cm) hefur verið lág undanfarin ár og svipuð vísitölu áranna 2003-2007 þegar hún var lægst (10. mynd).

Mest var af grálúðu djúpt út af Norður- og Austurlandi líkt og undanfarin ár (10. mynd).



10. mynd. Vísitölur veiðistofns grálúðu (A) og ungfisks (B) í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing grálúðu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla grálúðu í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020.

*Figure 9. A. Biomass indices of Greenland halibut (*Reinhardtius hippoglossoides*) in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of Greenland halibut in Icelandic autumn groundfish survey 2020 (black line), 2019 (red line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of Greenland halibut in IS-SMH 1996, 2005, 2019 and 2020.*

Gullkarfi

Stofnvísitala gullkarfa lækkaði töluvert frá fyrra ári en hún hefur farið lækkandi frá 2017 eftir nokkuð samfellda hækkun frá árinu 2000 (11. mynd). Stofnvísitalan er nú svipuð og hún var árið 2010. Mæliskekkja í vísitölum er yfirleitt há. Ástæðan er sú að stór hluti aflans kemur í fáum togum sem leiðir til tilviljanakenndra sveiflna frá ári til árs. Óvissa í ár er með lægsta móti í sögu haustrallsins.

Í ár var mest af gullkarfa á bilinu 35-45 cm. Minna fékkst af gullkarfa á stærðarbilinu 30-40 cm samanborið við árið á undan sem skýrir lækkun í stofnvísitölu (11. mynd). Í seinni tíð hefur sífellt minna fengist af gullkarfa undir 30 cm. Þetta bendir til lélegrar nýliðunar og hækkun vísitölu á tímabilinu 2000-2017 má rekja til vaxandi magns af stærri gullkarfa.

Gullkarfi fékkst víða en mest djúpt út af Faxaflóa, Breiðafirði og Vestfjörðum (11. mynd). Þar hafa nokkur mjög stór tog fengist á hverju ári undanfarinn áratug en minna var af þess háttar togum árið 2020 samanborið við undanfarin ár.



11. mynd. A. Stofnvísitölur gullkarfa í haustralli 1996-2020 og marsralli 1985-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing gullkarfa í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 1996 (blá lína) og 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). C. Útbreiðsla gullkarfa í haustralli árin 1996, 2005, 2019 og 2020.

*Figure 11. A. Biomass indices of golden redfish (*Sebastes norvegicus*) in the Icelandic autumn groundfish survey (IS-SMH - red line) 1996-2020 and in the Icelandic Groundfish Survey in spring (IGS - black line) 1985-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of redfish in IS-SMH 2020 (black line), 2019 (red line), 1996 (blue line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of redfish in Icelandic autumn groundfish survey 1996, 2005, 2019 and 2020.*

Djúpkarfi

Stofnvístala djúpkarfa hefur sveiflast án sýnilegrar langtímaþróunar á rannsóknartímabilinu (12. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 30 cm) var mjög lág líkt og undanfarin ár og hefur lækkað mikið frá árinu 2000 (12. mynd). Líkt og hjá gullkarfa hefur meðallengd aukist en þessi þróun lengdardreifingar gott dæmi um það sem gerist þegar nýliðun er léleg, þ.e. meðallengd eykst þar sem lítið veiðist af smáum karfa (12. mynd).

Djúpkarfa var að finna á landgrunnskantinum suður og vestur af landinu og veiddist mest af honum fyrir suðvestan land (12. mynd).



12. mynd. Stofnvísitala djúpkarfa (A) og vísitala ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing djúpkarfa í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 2000 (blá lína) og 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla djúpkarfa í haustralli árin 2000, 2007, 2019 og 2020.

*Figure 12. A. Biomass indices of beaked redfish (*Sebastes mentella*) in the Icelandic autumn groundfish survey (IS-SMH) 2000-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of beaked redfish in IS-SMH 2020 (black line), 2019 (red line), 2000 (blue line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of beaked redfish in IS-SMH 2000, 2007, 2019 and 2020.*

Blálanga

Vísitala veiðistofns blálöngu hefur lækkað frá árinu 2009 þegar hún var í hámarki og hefur ekki verið lægri nema í upphafi rannsóknatímabilsins árið 1996 (13. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 40 cm) hefur verið lág frá árinu 2010 samanborið við áratuginn á undan (13. mynd). Lengdardreifingar sýna að fjöldi blálöngu í flestum lengdarflokkum er undir meðaltali (13. mynd). Blálöngu var að finna á landgrunninu og landgrunnskantinum fyrir suðaustan, sunnan og vestan land (13. mynd).



13. mynd. Vísitölur veiðistofns blálöngu (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing blálöngu í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla blálöngu í haustralli árin 2000, 2009, 2019 og 2020.

*Figure 13. A. Biomass indices of blue ling (*Molva dypterygia*) in the Icelandic autumn groundfish survey 2000-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of blue ling in the Icelandic autumn groundfish survey 2020 (black line), 2019 (red line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of blue ling in the Icelandic autumn groundfish survey 2000, 2009, 2019 and 2020.*

Gulllax

Vísitala veiðistofns gulllax hækkaði árið 2020 frá fyrra ári. Vísitalan hafði farið hækkandi árin 2000-2018 en lækkaði verulega árið 2019 (14. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 20 cm) hefur sveiflast talsvert á tímabilinu, var há 2017 og 2018 en hefur lækkað umtalsvert undanfarin tvö ár (14. mynd). Mest fékkst af gulllaxi á stærðarbilinu 35-50 cm en lítið af gulllaxi minni en 25 cm (14. mynd).

Gulllax var að finna á landgrunnskantinum suðaustan, sunnan og vestan land (14. mynd).



14. mynd. Vísitölur veiðistofns gulllax (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing gulllax í haustralli 2020 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2019 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2020 (grátt svæði). D. Útbreiðsla gulllax í haustralli árin 2000, 2007, 2019 og 2020.

*Figure 14. A. Biomass indices of greater silver smelt (*Argentina silus*) in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. B. Length distribution of greater silver smelt in the Icelandic autumn groundfish survey (black line), 2019 (red line) and the long term overall mean 1996-2020 (grey polygon). C. Spatial distribution of greater silver smelt in the Icelandic autumn groundfish survey 2000, 2007, 2019 and 2020.*

Flatfiskar

Mæliskekkja í stofnvísitölum skarkola, langlúru, sandkola og lúðu er oft mikil vegna þess að stór hluti aflans kemur á fáum stöðvum. Því geta tilviljanakenndar breytingar á milli ára verið miklar hjá þessum tegundum (15. mynd). Niðurstöðurnar er þó hægt að nota til að meta þróun yfir lengra tímabil.

Stofnvísitala langlúru var há árin 2003-2019 miðað við árin fyrir aldamót (15. mynd). Hins vegar var vísitalan í ár sú lægsta sem mælst hefur síðan 2003.

Stofnvísitala lúðu hækkaði árin 2013-2019 en árið 2013 mældist hún sú lægsta frá upphafi stofnmælinga að hausti (15. mynd). Vísitalan í ár lækkaði og er svipuð vísitölunni árið 2017. Þess ber þó að geta að lítið fæst af lúðu í haustralli og mæliskekkja er há.

Stofnvísitala sandkola hefur verið lág síðan 1999 og fer enn lækkandi (15. mynd).

Undanfarin ár hefur stofnvísitala skarkola einkennst af mikilli mæliskekkju. Vísitala hefur verið há þó greina megi lækkun undanfarin tvö ár (15. mynd).

Stofnvísitala skrápflúru hefur farið lækkandi yfir rannsóknatímabilið. Árin 2016-2020 hefur vísitalan verið sú lægsta síðan 1996 (15. mynd). Mæliskekkja er lítil í stofnvísitölum skrápflúru enda fæst hún mjög víða.

Stofnvísitala þykkvalúru hefur farið ört lækkandi undanfarin þrjú ár og er vísitalan 2018-2020 um 50% lægri en á tímabilinu 2008-2017 (15. mynd). Vísitalan í ár er sú lægsta sem mælst hefur síðan á árunum fyrir aldamót.



15. mynd. Stofnvísitölur sex flatfisktegunda í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 15. Abundance indices of six species of flatfish in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. Langlúra = Witch, Lúða = Atlantic halibut, Sandkoli = Dab, Skarkoli= Plaice, Skrápflúra = Long-rough dab, Þykkvalúra = Lemon sole.

Aðrar algengar tegundir

Stofnvísitala steinbíts hefur frá upphafi mælingarinnar verið sveiflukennd án sýnilegrar langtíma-þróunar. Vísitalan í ár er svipuð lágmarkinu árið 2010 (16. mynd).

Stofnvísitala hlýra lækkaði mikið á árunum 2006-2010(16. mynd). Vísitalan í ár er í sögulegu lágmarki líkt og árin á undan.

Stofnvísitala löngu hækkaði á árunum 2001-2012. Frá 2012 hefur vísitalan haldist há en sveiflukennd og mældist hæst árið 2017 (16. mynd). Síðan hefur vísitalan farið lækkandi.

Stofnvísitala keilu hækkaði á árunum 2001-2010. Frá 2012 hefur vísitalan haldist há en verið sveiflukennd en lækkandi undanfarin tvö ár. Vísitalan í ár er svipuð og árið 2019 (16. mynd).

Stofnvísitala kolmunna lækkaði umtalsvert árin 2018-2020 eftir að hafa verið há en sveiflukennd frá árinu 2012 (16. mynd). Árin 2019 og 2020 var stofnvísitalan svipuð og árin 2006-2010 þegar hún var lág.

Stofnvísitala lýsu var í lágmarki árin 2012-2014 en hefur hækkað síðan þá (16. mynd).

Stofnvísitala litla karfa hefur hækkað frá árinu 1996 og er nú tvöfalt hærri en hún var í upphafi (16. mynd). Að hluta til má mikils magns á fáum togstöðvum enda eru öryggismörk mælinganna há. Undanfarin tvö ár hefur vísitalan þó lækkað.

Stofnvístala hrognkelsis hækkaði á árunum 1999-2007 en fór lækkandi eftir það og var í lágmarki árið 2013. Síðan þá hefur hún verið lág en sveiflukennd (16. mynd).



16. mynd. Stofnvísitölur ýmissa tegunda í haustralli 1996-2020 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 16. Abundance indices of several species in the Icelandic autumn groundfish survey 1996-2020 along with 95% confidence limits. The autumn survey was not conducted in 2011. Steinbítur = Wolffish, Hlýri = Spotted wolffish, Langa = Ling, Keila = Tusk, Kolmunni = Blue whiting, Lýsa = Whiting, Litli karfi = Norway haddock, Hrognkelsi = Lumpfish.

Djúpfiskar

Um helmingur stöðva haustralls eru teknar á djúpslóð í landgrunnskantinum umhverfis landið og þar er að finna heimkynni allmargra djúpsjávartegunda sem lifa að öllu jöfnu ekki grynnra en 400 m. Fjöldi djúpsjávartegunda sem fást í haustralli er um 90, þar af eru um 20 tegundir brjóskfiska (hámýs, háfar og skötur). Útbreiðsla flestra tegundanna er bundin við hlýja sjóinn suður, suðvestur og vestur af landinu. Kaldsjávartegundir, eins og dílamjóri, tvírákamjóri, krækill og skjótta skata, þrífast helst í köldum og djúpum sjó norður, norðaustur og austur af landinu.

Vísitölur brjóskfiska

Geirnyt sem tilheyrir ættbálki hámúsa er ásamt tindaskötu algengust brjóskfiska hér við land. Vísitala geirnytar hefur verið há en sveiflukennd frá árinu 2014 (17. mynd). Vísitalan í ár er sú hæsta síðan árið 2000.

Stofnvísitala trjónufisks hækkaði árin 2005-2015 en lækkaði árin 2016-2017 (17. mynd). Vísitalan í ár er svipuð árunum 2018-2019 og er nálægt langtímameðaltali.

Tindaskata er algengasta skötutegundin hér við land. Stofnvísitala hennar lækkaði árin 2004-2012en hélst nokkuð stöðug árin 2013-2017. Undanfarin tvö ár hefur vístalan lækkað.

Stofnvísitala skjótta skötu sýnir afgerandi niðursveiflu árin 2007-2017 en þróunin undanfarin ár hefur aftur verið jákvæð (17. mynd).

Stofnvísitala pólskötu hefur verið breytileg yfir tímabilið en verið undir langtímameðalali undanfarin þrjú ár (17. mynd).

Svartháfur er algengasta háfategundin á djúpslóð. Stofnvísitala svarthákfs hækkaði á árunum 2012-2018 en hefur lækkað aftur undanfarin tvö ár (17. mynd).

Stofnvísitala loðháfs hækkaði umtalsvert árin 2014-2018 (17. mynd). Mælingar síðustu tveggja ára eru háar, en lækkandi.

Stofnvísitala þorsteinshákfs hækkaði árin 2012-2017 og hefur haldist nokkuð stöðug undanfarin ár (17. mynd).

Stofnvísitala dökkháfs var lág allt til ársins 2014 þegar hún var óvenju há (17. mynd). Síðan þá hefur stofnvísitalan lækkað en er þó enn hærri en á tímabilinu 1996-2013 .

Vísitölur jensenháfs og gíslaháfs lækkuðu frá 2018-2020 (17. mynd). Vísitala gíslaháfs er sú lægsta síðan árið 2000.

Almennt veiðast flatnefur, rauðháfur og gljáháfur í litlu magni eða u.þ.b. 5-20 einstaklingar af hverri tegund í haustralli á hverju ári. Flatnef og gljáhafi hefur fækkað á rannsóknartímabilinu. Hins vegar hefur veiðst meira af rauðháfi undanfarin ár en á árunum 2001-2013.

Tindaskata er algengasta og jafnfram útbreiddasta brjóskfiskategundin og veiðist hún að meðaltali á um 39% stöðva á djúpslóð (3. tafla). Svartháfur er annar algengasti brjóskfiskurinn á djúpslóð og veiðist að meðaltali á um 31% stöðva. Flestar tegundanna sýna litlar sveiflur yfir tímabilið. Lítilsháttar aukning hefur orðið í tíðni geirnytar, dökkháfs og trjónufisks en skjótta skata fæst nú á hlutfallslega færri stöðvum en á fyrri hluta tímabilsins.

17. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa brjóskfiskategunda í haustralli 2000-2020. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Figure 17. Abundance indices of several chondrichtyan species in Icelandic autumn groundfish survey 2000-2020. The autumn survey was not conducted in 2011. Geirnyt = Rabbit-fish, Trjónufiskur = Knifenose chimaera, Tindaskata = Starry ray, Skjótta skata = Arctic skate, Pólskata = Round skate, Svartháfur = Black dogfish, Loðháfur = Lantern shark, Þorsteinsháfur = Longnose velvet dogfish, Dökkháfur = Greater lantern shark, Jensenháfur = Mouse catshark, Gíslaháfur = Iceland catshark, Flatnefur = Birdbeak dogfish, Rauðháfur = Leafscale gulper shark, Gljáháfur = Portuguese dogfish. The survey was not conducted in 2011.

Tafla 3. Fjöldi stöðva á djúpslóð í haustrall og hlutfall (%) stöðva þar sem viðkomandi brjóskfiskategund fékkst.

Table 3. Occurrence of fifteen chondrichtyan species in the Icelandic autumn groundfish survey 2000-2020. Number of stations in the slope region and the frequency of occurrence (percentage of the stations where species was collected).

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Meðaltal
Fjöldi stöðva	212	219	221	220	220	219	219	219	219	219	209	208	207	201	195	196	196	191	194	196	209
Tindaskata	38.7	34.7	35.7	38.2	39.1	42.9	41.6	34.7	34.2	43.4	42.1	38.9	41.5	44.3	39.5	41.8	38.3	36.1	37.6	40.8	39.21
Geirnyt	13.2	16.4	17.2	17.7	11.4	16.0	13.2	16.9	17.8	16.0	17.2	14.4	18.4	24.9	22.6	22.4	24.0	23.0	21.6	20.9	18.27
Dökkháfur	15.1	17.8	15.4	14.5	12.7	12.3	19.6	15.1	19.6	19.2	12.0	17.8	21.3	28.4	23.1	23.5	24.0	28.3	23.7	26.0	19.46
Pólskata	7.1	13.2	14.0	10.0	10.9	11.4	14.2	8.2	17.4	11.9	8.6	7.7	7.7	16.9	10.8	10.7	14.8	13.6	11.9	11.2	11.61
